

# Sumardagurinn fyrsti fimmtudaginn 21. apríl

## Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13:00

Allir eru velkomnir en hér gefst tækifæri til að upplifa annars konar messu með hátíðlegu skátasniði.

## Skrúðganga kl. 13:45

Gengið verður frá Vídalínskirkju niður Hofsstaðabraut og þaðan eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla. Skátar úr Víflí leiða gönguna með fánaborg og blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar stýrir göngutakti og hressum undirleik.

## Hátíðahöld við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla verður boðið upp á skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, s.s. ýmis leikböeki, kassaklifur, veltibílinn. Sirkus Íslands skemmtir gestum á svæðinu og Garðalundur sýnir atriði úr söngleiknum Cry Baby. Hjálpar-sveit skáta í Garðabæ verður á staðnum með sýnishorn af búnaði sínum. Árleg kaffisala vífils og hið víðfrøga tertuhlaðborð verður í Hofsstaðaskóla!

Við hvetjum bæjarbúa eindregið til að taka þátt í allri dagskrá og njóta þess sem dagurinn hefur upp á að bjóða!

Sjáumst á sumardaginn fyrsta!

